



Rangárþing ytra

Suðurlandsvegur 1 - 850 Hella - Sími 488-7000 - Kt. 520602-3050
Netfang: rang@rang.is - Heimasiða: <http://www.ry.is>

Rammaáætlun

11. nóvember 2011

Efni: Umsögn Rangárþings ytra.

Á fundi hreppsráðs Rangárþings ytra, 10. nóvember 2011, var eftirfarandi tekið fyrir:

37. Umsögn Rangárþings ytra um drög að þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu náttúrusvæða.

Rangárþing ytra fagnar þeim áfanga sem nú er náð að fyrir liggi drög að þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu náttúrusvæða. Flokkun virkjanakosta í orkunýtingarflokk, biðflokk og verndunarflokk er skýr að því leyti að hafi virkjunarkostur verið settur í nýtingar- eða verndunarflokk, þá liggi fyrir nægilega miklar faglegar ástæður fyrir því að svo sé. Það verður því alltaf pólitísk ákvörðun – ekki fagleg – ef virkjanakostir eru færðir t.d. úr verndunarflokki í bið- eða nýtingarflokk.

Virkjanakostir í Rangárþingi:

Nr.	Virkjun	Tegund	Aætlað afl (GW/h)	
26	Skrokkölduvirkjun	Vatnsafl	242	Orkunýtingarflokkur
29	Hvammsvirkjun	Vatnsafl	665	Orkunýtingarflokkur
30	Holtavirkjun	Vatnsafl	415	Orkunýtingarflokkur
91	Hágönguvirkjun 1. áfangi	Jarðhiti	369	Orkunýtingarflokkur
104	Hágönguvirkjun 2. áfangi	Jarðhiti	738	Orkunýtingarflokkur
24	Tungnálón	Vatnsafl	270	Verndunarflokkur
25	Bjallavirkjun	Vatnsafl	340	Verndunarflokkur
27	Norðlingaölduveita 566-567,5m	Vatnsafl	635	Verndunarflokkur

Skrokkölduvirkjun (26): Viðerni landsins, sem eru með dýrmætustu verðmætum okkar, eru nú þegar brotakennð og skert. Með byggingu Skrokkölduvirkjunar er líklegt að raflínur yrðu lagðar bæði til norðurs og suðurs. Viðerni væru því skert enn frekar ef af verður. Þrátt fyrir hagkvæman virkjunarkost, teljum við að fara þurfi sérstaklega gætilega ef og þegar virkjunin verður byggð.

Hvammsvirkjun (29) og Holtavirkjun (30): Sveitarstjórn Rangárþings ytra hvetur til þess að fullt samráð verði haft við landeigendur og aðra hagsmunaaðila er varðar fyrirhugaðar virkjanir. Eigendur jarða sem liggja að umræddum virkjanakostum bera ólíkt skynbragð á gæði og verðmæti lands heldur en þeir sem um þær fjalla á öðrum vettvangi t.d. í skipulags- eða rannsóknafæri. Það þarf að mæta þessum aðilum af sanngirni og heiðarleika. Til að verkefni af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir, fái stuðning samfélagsins, er nauðsynlegt að virða alla þessa þætti og með meiri rannsóknum á áhrifum virkjana á samfélög í víðri merkingu.

Norðlingaölduveita 566-567,5m (27): Mikil umræða hefur verið um Norðlingaölduveitu. Hún er mjög hagkvæmur virkjanakostur, en vegna náttúruverndarsjónarmiða var ákveðið að setja hana í verndarflokk. Með þessari ákvörðun kveður við nýjan tón, því þó svo að hagkvæmnin sé mikil, þá er náttúran látin njóta vafans. Sveitarstjórn furðar sig samt á þeirri ákvörðun að setja virkjunina í verndarflokk, þegar hagkvæmnin er svona mikil og áhrif á náttúruna takmörkuð. Eðlilegra hefði verið að setja virkjunina í biðflokk.

Orkunýting í Héraði - Tækifæri til atvinnusköpunar:

Nýting auðlinda er mikilvægt og stórt mál og kallar á alhliða stefnumótun í rekstri sveitarfélagsins. Auðlindir sveitarfélagsins eru m.a. heitt og kalt vatn, jarðgufa, ósnortin náttúra, víðerni, hreint loft, dýralíf á landi og í vatni, vindur, menning og jarðefni. Rangárþing ytra leggur ríka áherslu á að sveitarfélagið njóti ávallt hags af nýtingu auðlinda í lögsögu þess – og í miklu ríkari mæli en gert hefur verið fram að þessu. Hagur af nýtingu auðlinda getur verið með beinum tekjum eða af rekstri sem settur er upp samfara nýtingu auðlindarinnar. Bættar samgöngur, efling og uppbygging dreifikerfa veitna, aukinn stuðningur við uppbyggingu ferðapjónustu í byggð og að fjallabaki eru dæmi um slíkt.

Það skilyrði er sett að Rangárþing ytra stjórni nýtingu auðlinda í eigin lögsögu líkt og lög kveða á um. Skipulag Rangárþings ytra skal taka mið af nýtingu allra auðlinda í landi sveitarfélagsins og tryggja jafnræði um nýtingu þeirra. Leitast skal við að tryggja ábyrga nýtingu auðlinda í eigin lögsögu. Með ábyrgri nýtingu skal leitast við að auðlind sé nýtt á sjálfbæran hátt þannig að tryggt sé að ofnýting eigi sér ekki stað og að hagur komandi kynslóða verði tryggður.

Réttur sveitarfélagsins í skipulagsákvörðunum er varðar auðlindanýtingu er ótvíræður samkvæmt Skipulagslögum nr. 123/2010. Þar segir að skipulagsskyldar framkvæmdir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Því mótmælir Rangárþing ytra að vegið sé að skipulagsvaldi sveitarfélagsins í umræddri þingsályktunartillögu.

Lokaorð:

Á Suðurlandi fer fram megnið af orkuframleiðslu landsins en lítið annað en fasteignagjöld af virkjununum verða “eftir” í sveitarfélögunum. Þessu þarf að breyta, m.a. með því að stjórnunarhlutar orkuframleiðslunnar verði byggðir upp á svæðinu og að framleiðsla orkunnar leiði til almennrar atvinnuuppbyggingar og styrkingar byggðar á svæði sveitarfélaganna við Þjórsá. Rangárþing ytra bendir á að möguleikar til orkuframleiðslu eru fleiri en þessi rammaáætlun gerir ráð fyrir, m.a. virkjun vinds.

Samþykkt samhljóða.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt
f.h. sveitarstjórnar
Rangárþing ytra
Sveitarstjóri

Gunnsteinn R. Ómarsson
Sveitarstjóri

Afrit: